

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir

Selfoss
23.10.2023

Efni: Hringvegur um Síðu, Fossálar-Breiðabalakvísl austan Kirkjubæjarklausturs

RARIK hefur mótttekið erindi yðar dags. 26.09.2023 með tilvísun Hringvegur um Síðu, Fossálar-Breiðabalakvísl austan Kirkjubæjarklausturs og hefur farið yfir tillöguna.

RARIK hefur farið yfir tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Sunnan við Dverghamar eru um 250m af loftlínu sem mun þurfa færa vegna þessa. Fellur allur kostnaður af færslu loftlínu á framkvæmdaraðila verksins.

Með kveðju,
Daníel Leó Ólason
Deildarstjóri Netreksturs á Suðurlandi

umsögn Skaftárhrepps vegna matsáætlun Hringveggar um Síðu

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>
Frá : Óskar Örn Gunnarsson <oskar@landmotun.is>
CC : sveitarstjóri <sveitarstjori@klaustur.is>
Heiti : umsögn Skaftárhrepps vegna matsáætlun Hringveggar um Síðu
Málsnúmer : 202307035
Málsaðili : Vegagerðin - Hafnarfirði
Skráð dags : 20.10.2023 00:00:00
Höfundur : Óskar Örn Gunnarsson <oskar@landmotun.is>

Sæl Þórdís

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tók fyrir á fundi sínum umsagnarbeiðni vegna málsnr. 540/2023. Skipulagsnefnd Skaftárhrepps hafði bókað um málið þann 17. október sem sveitarstjórn samþykkti.

Eftirfarandi var bókað:

Skipulagsnefnd hefur farið yfir gögn framkvæmdaraðila og telur að framlögð gögn fullnægi kröfum sem settar eru fram í 11 gr. í reglugerð 1381/2021 og gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina. Skipulagsnefnd leggur til að endanleg veglína verði unnin í samráði við landeigendur og sveitarfélagið

M.kv.

Óskar Örn Gunnarsson

Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

13.október 2023
2023-08-30/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um matsáætlun vegna Hringvegjar um Síðu, Fossálar - Breiðabalakvísl austan Kirkjubæjarklausturs

Landsneti barst, þann 25. ágúst 2023, beiðni um að veita umsögn um matsáætlun vegna Hringvegjar um Síðu, Fossálar - Breiðabalakvísl austan Kirkjubæjarklausturs, mál nr. 0540/2023 í Skipulagsgáttinni. Um er að ræða umhverfismat tveggja valkosta um nýja legu vegarins. Umsagnafrestur í beiðni var gefinn upp til 13. október 2023.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í kynntri matsáætlun er gerð grein fyrir *Prestbakkalínu 1*, sem er 132 kV loftlína á vegum Landsnet. Fram kemur að í umhverfismatskýrslu verði fjallað nánar um landnotkun á svæðinu og að meðal annars verði leitað samráðs við Landsnets varðandi veitur á svæðinu. Einnig að engar framkvæmdir verði innan helgunarsvæðis háspennuvirkis í rekstri nema fyrir liggja heimild frá viðkomandi raforkuflutningsaðila.

Í þriðja kafla matsáætlunar er framkvæmdinni og tengdri starfsemi lýst. Í kafla 3.4 og á teikningum í 9. kafla er gerð grein fyrir tveimur valkostum um veglína, það er veglína A og veglína C. Samkvæmt teikningum mun veglína A þvera háspennulínuna við Breiðabólstað. Veglína C mun liggja nokkuð nærri og samsíða háspennulínunni á um 3-4 km kafla og þverar hana sunnan Hörgslands. Báðar veglínurnar gera ráð fyrir brú yfir Fossála rétt norðan háspennulínunnar. Möguleg efnistökusvæði eru innan helgunarsvæðis háspennulínunnar á þremur stöðum. Í kafla 3.5.5 er fjallað um frágang skeringa og náma og að gert sé ráð fyrir að landið verði mótað og grætt upp eftir því sem við á. Einnig kemur fram að nýr áningarstaður verði útfærður við Fossála. Í kafla 3.5.6 kemur fram að vinnubúðir verði staðsettar í eða við námur.

Í fimmta kafla er fjallað um umhverfispætti og áhrif af framkvæmd og í kafla 5.1.9 kemur fram að metin verði áhrif á landnotkun og mannvirki. Landsnet telur mikilvægt að í umhverfismatinu verði lagt mat á áhrif framkvæmdar á rekstur flutningskerfis rafmagns á svæðinu. Það á einkum við um þverun og framkvæmdir innan helgunarsvæðis, útfærslu brúar yfir Fossála, staðsetningu og útfærslu áningarstaðar, efnistöku og legu vinnubúða sem og landmótun og uppgræðslu á svæðum nærri Prestbakkalínu 1. Í kafla 5.1.10 er fjallað um áhrif á heilsu og hljóðvist. Landsnet telur að einnig gæti átt við að meta áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi rafmagns og persónuöryggi á framkvæmdatíma.

Áhrifasvæði loftlína vegna landnotkunar miðast við helgunarsvæði línunnar. Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd svæðisins fer m.a. eftir spennu, hæð mastra og bili milli mastra. Dæmigerð lágmarksbreidd helgunarsvæðis 132 kV háspennulína er 35-45 m, þ.e. 17,5 – 22,5 m til hvorrar hliðar.

Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð*¹ sem er að finna á heimasíðu Landsnets.

Mikilvægt er að framkvæmdir og landmótun hindri ekki aðgang að línunni vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Landsnet bendir einnig á kortavefsjá fyrirtækisins <https://www.map.is/landsnet/> en þar má sjá nákvæma legu háspennulína og tengivirkja. Einnig lætur fyrirtækið í té allar upplýsingar um línuna, sé þess óskað.

¹ <https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>

Í kafla 5.5 er fjallað um fyrirbyggjandi gögn sem stuðst verður við í matsvinnunni. Landsnet minnir á Kerfisáætlun² fyrirtækisins sem gefin er út annað hvert ár. Unnið er að mótun Kerfisáætlunar 2023-2032³.

Virðingarfyllst

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

² <https://www.landsnet.is/flutningskerfid/throun-flutningskerfisins/>

³ <https://www.landsnet.is/utgafa-og-samskipti/ritogskyrslur/kerfisaaetlun-2023-2032/>

Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. október 2023
UST202308-251/B.S.
10.05.00

Efni: Umhverfismat framkvæmda og áætlana - Hringvegur um Síðu - Fossálar-Breiðabalakvísl austan Kirkjubæjarklausturs. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 25. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun

Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun Íslands 2022 - 20227.

Í matinu skortir betri umfjöllun um vatnshlotin og möguleg áhrif framkvæmdanna á þau. **Því skal framkvæmdaraðili gera mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotin** og hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið náist ekki. Meðal annars þarf að huga að mengunarhættu vegna notkunar malbiks, tjöru og annarra efna. Í kafla 5.5. kemur fram að vegagerð, brúargerð og efnistaka geta haft tímabundin áhrif á vatnafar á svæðinu. Gera þarf grein fyrir því í hverju þessi tímabundnu áhrif felast en samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og vatnaáætlunar má ástand vatnshlotanna ekki hraka.

Framkvæmdin skal vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun Íslands 2022 - 20227. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Fjalla þarf um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í matsáætlunni.

Umhverfismarkmið straumsvatnshlotana er að hafa gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotana er að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Ástand vatnshlota má ekki rýrna, hvorki varanlega né tímabundið. Frekari upplýsingar um vatnshlot og umhverfismarkmið þeirra eru aðgengilegar á [Vatnavefsjá Veðurstofu Íslands](#). Nánari útskýring um gæðapættu sem notaðir eru til að meta ástand straumsvatna og grunnvats er aðgengileg í 1 kafla viðauka III

reglugerðar 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og í [vatnaáætlun](#)¹ ásamt [vöktunaráætlun](#)² hennar.

Ef fram kemur að áætlun vegaf framkvæmd geti leitt til þess að umhverfismarkmið vatnshlota innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar náist ekki skal viðkomandi framkvæmdaraðili endurskoða framkvæmdaráætlun í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

Innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar eru fjögur straumsvatnshlot, Rauðá/Merkislækur (103-553-R), Breiðbalakvísl/Geirlandsá (103-550-R), Fossálar (103-617-R), og Hörgsá 1 (103-920-R). Auk þess eru tvö grunnvatnshlot á svæðinu, Kaldbakur (103-180-G) og Suðursandar (013-296-G).

Umhverfisstofnun telur að taka eigi námu E36 af lista yfir efnistökusvæði sem nýtt verða við framkvæmdina. Ástæðan er sú að Umhverfisstofnun og Vegagerðin lögðu mikla áherslu á að gengið væri frá námunni og efnistöku þar hætt. Náman er vel frágengin og bent hefur verið á að hér er um að ræða fallega fjallshlíð í fögru umhverfi sem ekki ætti að raska frekar. Vegagerðin og Umhverfisstofnun ásamt Landsvirkjun halda út heimasíðunni namur.is og þar leggja þessar stofnanir ríka áherslu á að hætta eigi efnistöku úr skriðum vegna þess að slíkar námur geta orðið mikið lýti og erfitt að ganga frá þeim svo vel sé. Því er talið best að hætta við efnistöku úr skriðum sérstaklega hér þar sem varla verður skortu á efni á aurum við nýja veglínu.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu eerindi.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Andreas Ströberg,
sérfræðingur

¹ [Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027](#)

² [Vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022 - 2027](#)

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 2. október 2023
Málsnúmer: 202308-0031
SS

Efni: Umsögn um matsáætlun framkvæmdar við hringveg um Síðu.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 25. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun framkvæmd Vegagerðarinnar á endurnýjun/nýja veglínu á hringveginum um Síðu austan við Kirkjubæjarklaustur.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að hún sé vönduð og ítarleg og að í henni komi fram þau atriði sem ber að hafa í matsáætlun. Þá er almennt stefnt að greinargóðri umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á helstu umhverfisþætti og nauðsynlegar rannsóknir til að bæta þekkingarstöðu um einstaka þætti á dagskrá.

Náttúrufræðistofnun framkvæmdir athuganir á gróðurfari og fuglalífi fyrir Vegagerðina og hafa vettvangsathuganir þegar farið fram. Stofnuninni er einnig ætlað að meta áhrif framkvæmdarinnar á þessa tvo umhverfisþætti og bera saman valkostina tvo. Greinargerð stofnunarinnar mun fylgja með umhverfismatsskýrslunni.

Í matsáætluninni kemur fram að stefnt sé að athugunum á vettvangi til að leggja mat á jarðminjar á svæðinu og einnig verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á landslag. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við áformaðar athuganir hvað varðar þessa tvo umhverfisþætti en lýsir yfir ánægju með að jarðminjar verði skoðaðar með vettvangsferð. Sérstaklega þarf að skoða hver áhrif framkvæmdarinnar verða á jarðminjar og landslagseiningar með hátt verndargildi þ.e.a.s. vesturjaðar Brunahrauns og farveg og flúðir Fossála. Einnig er jákvætt að skoðað verður vandlega hvernig framkvæmdin hefur áhrif á friðlýsta náttúruvættið Dverghamra þ.m.t. áhrif á aðgengi og umferð um svæðið.

Stofnunin mun veita umsögn um umhverfismatsskýrslu og mun þar leggja mat á niðurstöðu umhverfismatsins fyrir alla umhverfisþætti er varða fagsvið stofnunarinnar, bera saman valkostina og meta heildstætt umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 - Veffang www.hsl.is - Netfang hsl@hsl.is - Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 2. október 2023
2308112HS SG

Efni: Hringvegur um Síðu - Umsögn um matsáætlun

Þann 25. ágúst sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bréf Skipulagsstofnunar, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðar lagningar þjóðvegjar um Síðu, austan Kirkjubæjarklausturs í Skaftárhreppi..

Um er að ræða áform um samgöngubætur á Hringvegi (1-a3/a4) um Síðu, austan Kirkjubæjarklausturs í Skaftárhreppi. Til stendur að endur- og/eða nýbyggja Hringveg nr. 1 milli Fossála og Breiðbalakvíslar. Mun hann liggja í nýju vegstæði, að hluta til eða að öllu leyti háð vali á veglínu þar sem hann verður færður niður fyrir tún og beitolönd. Tveir valkostir eru lagðir fram:

- Veglína A sem er 13,1 km löng og felur í sér nýbyggingu á 7,5 km kafla og endurbyggingu núverandi vegar á um 5,6 km
- Veglína C sem er 12,8 km löng og felur í sér nýbyggingu vegarins að nær öllu leyti.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu að matáætlun fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við tillöguna sem slíka. Embættið telur að tillagan geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í frummatsskýrslu. Embættið áskilur sér hinsvegar rétt til að koma fram með ábendingar og athugasemdir á síðari stigum við meðferð málsins.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. október 2023
Tilvísun: OS2023080047
Skjalnúmer: 401801

Efni: Matsáætlun um fyrirhugaða vegagerð á Síðu, milli Fossála og Breiðabalakvíslar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 25. ágúst 2023, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um matsáætlun vegna áforma um uppbyggingu Hringvegar um Síðu, milli Fossála og Breiðabalakvíslar, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Samkvæmt lýsingu í framlögðum gögnum er m.a. gert ráð fyrir byggingu tveggja nýrra tvíbreiðra brúa auk fjölda ræsa í vatnsfarvegi og þar sem búast má við leysingarvatni eða þegar úrkoma er mikil.

Í erindinu er óskað eftir því að Orkustofnun fjalli um hvort stofnunin, út frá sínu starfssviði, hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum hún telji að gera þurfi frekari skil eða höfð verði sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Þá er óskað eftir því að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.

Orkustofnun fer með leyfisveitingarvald fyrir veitingu vatns úr farvegi, breytingu á vatnsbotni, straumstefnu, vatnsmagni eða vatnsflæði, veitingu vatns af einni fasteign á aðra, stíflun og miðlun vatns með vísan til 7., 68., 75. og 78. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sbr. þó ákvæða laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Framkvæmdir þær sem lýst er í matsáætlun geta verið háðar einu eða fleiri framangreindum ákvæðum vatnalaga.

Framangreind lagaákvæði afmarka stjórnábyrgð og aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Orkustofnunar.

Orkustofnun hefur kynnt sér tilkynnt áform og lýsingar fyrirhugaðra framkvæmda og áformaðar áherslur í umhverfismati framkvæmdarinnar. Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við framlagða matsáætlun vegna áforma um uppbyggingu Hringvegar um Síðu, milli Fossála og Breiðabalakvíslar.

Virðingarfyllt,
f.h. Orkustofnunar

Rafræn undirskrift hér að neðan
Kristján Geirsson
sviðsstjóri
Sjálfbær auðlindanýting



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 27. september 2023
MÍ202309-0110/ 6.07 / K.M.

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Hringvegur um Síðu, Fossálar – Breiðbalakvísl.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur um Síðu, byggðarlag austan Kirkjubæjarklausturs, sem afmarkast af Hverfisfljóti til austurs og Skaftá til vesturs. Innan svæðisins á að endurbyggja og/eða byggja að nýju Hringveg, milli Fossála og Breiðbalakvíslar. Nýr Hringvegur mun liggja í nýju vegstæði, að hluta til eða að öllu leyti háð vali á veglínu. Tveir valkostir að veglínu eru lagðir fram. Veglína A sem er 13,1 km löng og felur í sér nýbyggingu á 7,5 km kafla og endurbyggingu núverandi vegar á um 5,6 km kafla. Og veglína C sem er 12,8 km löng og felur í sér nýbyggingu vegarins að nær öllu leyti. Auk vegagerðarinnar sjálfrar þarf að byggja tvær nýjar brýr, leggja fjölda nýrra ræsa og kom fyrir rofavörnum og leiðigörðum.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Kafla 2.4 í matsáætlun fjallar um verndarsvæði. Þar er umfjöllun um friðlýstar fornleifar í landi Foss III og talin upp friðlýst og friðuð hús í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Engar þessara menningarminja eru innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Í kafla 3.2.3 í matsáætlun er fjallað um markmið við hönnun vegarins. Þar segir að meðal markmiðanna sé að vegurinn hafi sem minnst áhrif á menningarminjar.

Í kafla 3.5.4 er fjallað um efnisþörf og efnistöku. Þar segir að gert sé ráð fyrir að mest af efni komi úr námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins og að leitast verði við að nýta opnar námur á svæðinu. Þá segir að í umhverfismatsskýrslu verði lagt mat á verndargildi efnistökuastaða og á áhrif efnistöku m.a. á menningarminjar.

Í kafla 4 segir að meðal meginatriða sem fjallað verði um í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verði fornminjar og áhrif þeirra á val vegstæðis. Menningarminjar verði meðal þeirra þátta sem lögð

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnislystigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnislyslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

verður áhersla á í umhverfismatsskýrslu. Þá kemur fram að Vegagerðin hafi skilgreint rannsóknarsvæði vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og að það nái yfir mögulegt framkvæmdasvæði vegagerðar og efnistöku og sé að jafnaði um 300 m breitt, þ.e. 150 m til hvorrar handar frá miðlínu nýrrar veglínu.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.1.3 í matsáætlun. Eins og þar kemur fram liggur fyrir fornleifaskráning fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða sem var unnin fyrir Vegagerðina árið 2021 vegna þáverandi fyrirhugaðra breytinga á Hringvegi um Síðu milli Fossála og Hörgsár. Sú veglína sem þá var skráð svipar til veglínu A, sem nú er lögð fram til mats á umhverfisáhrifum, en hefur þó breyst lítilega. Skrá á fornleifar innan áhrifasvæðis veglínu C og endurskoða fyrri fornleifaskráningu m.t.t. þeirra breytinga sem orðið hafa á veglínu A. Þá er fjallað um hvernig niðurstöður fornleifaskráningarinnar verða settar fram í umhverfismatsskýrslu og að gert sé ráð fyrir að verkhönnun nýs vegar taki tillit til fornleifa eins og hægt verði.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar en minnir á nauðsyn þess að fornleifar verði skráðar á efnistökusvæðum, svæðum þar sem staðsetja á vinnubúðir og haugsetningarsvæðum liggi þessi svæði utan skilgreinds rannsóknarsvæðis Vegagerðarinnar.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem hjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Sent inn á skipulagsgátt

Skaftárhreppi, 20. september 2023

**Varðar: Matsáætlun vegna færslu hringveggar (1-a3/a4) um Síðu í Skaftárhreppi;
Fossála-Breiðbalakvísl austan Kirkjubæjarklausturs**

Stjórn Eldvatna - samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi hefur kynnt sér matsáætlun vegna færslu hringveggar á Austur-Síðu. Samtökin fagna fyrirhugaðri framkvæmd, sem löngu er tímabær m.t.t. umferðaröryggis og næðis íbúa. Heilt yfir telja samtökin að áætlunin taki til þeirra þátta sem ástæða er til að meta vegna framkvæmdarinnar.

Leiðir

Eldvötn fagna því að veglína C skuli vera tekin til mats, að ósk landeigenda nærliggjandi jarða.

Ágengar tegundir

Í matsáætluninni er á nokkrum stöðum vikið að mikilvægi þess að ágengar tegundir nái sér ekki á strik í kjölfar framkvæmdarinnar. Eldvötn fagna því og þakka fyrir að sá gríðar áriðandi þáttur sé hafður í huga. Samtökin benda á að efnistökusvæði þarf að skoða vel m.t.t. þess hvort þar finnist ágengar tegundir. Ekki má undir nokkrum kringumstæðum nota jarðefni frá svæði sem smitað er af ágengum, framandi tegundum (t.a.m. Alaskalúpínu eða kerfli) og fara með inn á ósmið svæði. Tímabært er, að mati samtakanna, að sýna mun ríkari ábyrgð hvað þetta varðar en til þessa hefur almennt tíðkast, en þess eru því miður fjölmörg dæmi, innan og utan okkar héraðs, að ágengar tegundir hafi borist inn á svæði í tengslum við m.a. vegagerð, og þarf að mati samtakanna að bæta vinnulag til að fyrirbyggja slíkt til framtíðar. Ekki þarf að fjölyrða um einkar sérstakt mikilvægi þegar unnið er á og við svæði sem sýna þarf sérstaka gætni, og vísast þar til 2. greinar náttúruverndarlaga; verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, sem fær ágæta umfjöllun á 53. bls. matsáætlunarinnar.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Athuga ber að hér er um almenna viðvörun að ræða, en samtökin vita ekki til þess að ágengar tegundir sé að finna á þeim efnistökusvæðum sem tiltekin eru í matsáætluninni.

Fari hins vegar svo illa að ágengar tegundir berist inn á svæði(ð) við framkvæmdina, þarf viðbragðsáætlun við því að vera klár, og þá eftirfylgni, enda geta þær sérlega auðveldlega dreift sér um röskuð svæði eins og nefnt er í áætluninni.

Listi yfir áherslur

Á bls. 40 í áætluninni er að finna lista yfir áherslur í umhverfismatskýrslunni. Eldvötn benda á að á hann mætti bæta áhrifum á votlendi.

Ferðþjónusta og útivist

Ferðþjónusta og útivist eru nefnd á allnokkrum stöðum í matsáætluninni, enda veigamikill þáttur í héraðinu. Á bls. 51 segir að Vegagerðin telji að ekki sé þörf á að gera sérstaka rannsókn á áhrifum framkvæmdarinnar á útivist og ferðamennsku. Að mati Eldvatna færi vel á að rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun fylgdi.

Með góðri kveðju

f.h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi



Ingibjörg Eiríksdóttir
formaður